

Stjórnarfundur FORMA nr. 2 2009 – 2010

Staður: Gamli skóli

Dags: 28. okt. 2009

Tími: kl. 16:30

Mættir: Herdís Zóphóníasdóttir fulltrúi MA, Þórleifur Björnsson, Herdís Ívarsdóttir, Arnfríður Kjartansdóttir, Hrefna Laufey Ingólfssdóttir, Ívar Ragnarsson, Anna Richardsdóttir og Elín E. Magnúsdóttir.

1. Fundarsetning

Þórleifur setti fund og stjórnaði honum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð var borin upp og samþykkt.

3. Kosning formanns og ritara

Þórleifur Björnsson verður áfram formaður. Ívar Ragnarsson tók að sér starf ritara.

4. Kosning áheyrnarfulltrúa í skólanefnd MA

Skv. 50. gr. laga nr. 92 frá árinu 2008 skal starfa foreldraráð við hvern framhaldsskóla. Foreldraráðið skal tilnefna einn fulltrúa í skólanefnd. Fulltrúinn hefur heimild til að koma með ábendingar og fyrirspurnir. Anna Richardsdóttir tók að sér að vera fulltrúi FORMA þetta skólaárið.

5. Áframhaldandi umræða um partýstand og leigusala

Ákveðið var að endurtaka leikinn frá því í fyrra þ.e. að senda leigusöllum bréf þar sem stjórnin varar við því að framhaldsskólanemum séu leigðir salir til partýhalds. Nefndir voru nokkrir staðir til viðbótar þeim sem fengu bréf í fyrra. Herdís Ívars tók að sér að uppfæra póstlistann og póstleggja bréfin.

Ræddar voru hugmyndir að leiðum til að sporna við umræddu partýstandi á þeim nótum að fá foreldra og nemendur í lið með okkur. Jafnframt var rætt um margt jákvætt og gott sem hlýst af sambandi böðla og busa. T.d. var rætt hvort hægt væri að styðja betur við þá námsaðstoð sem eldri bekkingar eru að veita yngri nemendum. Hugsanlega er sú aðstoð meira en námsaðstoð, er líka félagsleg.

Ákveðið var að hafa samband við stjórn Hugins. Anna, Elín og Ívar tóku það að sér.

6. Samskipti við foreldra

Skv. lögum FORMA er það hlutverk stjórnar að miðla upplýsingum um starfið til forráðamanna nemenda sem eiga jafnframt að hafa aðgang að stjórnarfólki. Hugmyndin er að hafa netfangið forma@ma.is á heimasíðu MA. Þar verði upplýsingar um félagið. Ákveðið að senda póst á forráðmenn og upplýsa um starfið, láta vita af þessu fyrirkomulagi og leita eftir hugmyndum um málefni sem forráðamenn vilja að verði tekin til umræðu af stjórninni.

7. Starfið framundan, fundatímar ákveðnar

Erfitt reyndist að finna fasta fundatíma sem öllum hentaði og því ákveðið að hafa þá á mismunandi tímum.

8. Önnur mál

- A. Jón Már skólameistari leit inn á fundinn og bauð nýja stjórn FORMA velkomna til starfa. Hann vonaðist eftir virku og góðu samstarfi við stjórn og nefndi m.a. aðkomu stjórnar að hinni nýju skólanámskrá sem er í burðarliðnum í skólanum.
- B. Rætt var um hvort FORMA geti verið vettvangur til þess að hafa áhrif á setningu reglugerða með nýjum lögum um framhaldsskóla. Ákveðið var skoða þetta mál og taka til umfjöllunar á næsta stjórnarfundum.

9. Næsti fundur verður miðvikudaginn 25. nóv. kl. 17.

8. Fundi slitið kl. 18:00.

Elín E. Magnúsd.